

Foreldrafélag Glerárskóla

31. ágúst 2015

Mættir: Aníta, Brynja, Vilborg, Sigurlaug og Líney.

1. Umræða um boli fyrir 1. bekkingana. Við eigum nokkra boli síðan í fyrra en það vantar upp á til að geta afhent. Vilborg ætlar að gera verðsamanburð og athuga þessi mál.
2. Ákveðið að aðalfundur félagsins verði fimmtudaginn 17. september kl. 20:00. Á fundinum verða venjuleg aðalfundastörf. Þá er áhugi að bjóða upp á fyrirlestur og kom sú hugmynd að athuga með Soffíu Vagnsdóttur. Ákveðið að foreldrafélagið kaupi veitingar af 10. bekk og bjóði upp á á aðalfundinum.
3. Umræður um gjald per heimili til foreldrafélagsins. Upphæðin hefur verið 2000 krónur per heimili. Munum óska eftir hækkun upp í 2500 krónur per heimili á aðalfundinum.
4. Aníta upplýsti að hún vill hætta sem formaður en er til í að sitja áfram í stjórninni ef vantar. Sigurlaug sagði líka frá því að hún vill hætta en er til í að sitja áfram ef engin fæst.
5. Næsti fundur verður aðalfundurinn þann 17. september kl. 20:00.

Fleiri mál ekki rædd og fundi slitið, Líney Elíasdóttir